



Grenndarstöðvar í Reykjanesbæ

Samtals eru sex grenndarstöðvar í sveitarfélaginu en aðeins ein þeirra er á skipulagi, stöðin í Geirdal.

Eftir fundi og samtöl hefur verið tekin ákvörðun um að reyna eftir fremsta megni að staðsetja grenndarstöðvar í bæjarlandi þannig að þær eigi sér fastan sess þar sem um lögbundið hlutverk sveitarfélaga er að ræða. Álit lögfræðings er einnig að ekki þurfi að grenndarkynna eða gera afnotasamninga þegar stöðvarnar eru á opnum svæðum í bæjarlandi.

Hér að neðan eru þær staðsetningar sem lagt er upp með að koma upp skjólveggjum og grenndarstöðvum innan sveitarfélagsins.

Staðsetningar

1. Geirdalur

Staða: Grenndarstöð staðfest í deiliskipulagi og telst því varanleg.

Búið er að malbika og koma upp stöðinni.

Aðgerð: Engin





2. Áningarstaður við Fitjar

Staða: Stöðin er í dag staðsett á Stapabraut, en sú staðsetning hentar ekki nægilega vel fyrir nýtt fyrirkomulag grenndarstöðva og því er lagt til að hún verði færð hingað, til reynslu.

Aðgerð: Óskað er eftir staðfestingu frá ráðinu á staðsetningu.





3. Afreksbraut

Staða: Þessi stöð er í dag staðsett við gömlu slökkvistöðina á Hringbraut, sú staðsetning hentar illa og er því lagt til að stöðin verði færð hingað.

Aðgerð: Óskað er eftir að ráðið sendi þessa staðsetningu í grenndarkynningu, sjá meðfylgjandi gögn.





4. Elliðavellir / Bjarnaróló

Staða: Þessi stöð er í dag staðsett á Hringbraut við malarvöllinn en vöntun er á grenndarstöðvum á þessu svæði í Keflavík og því er þessi staðsetning lögð til.


Aðgerð: Óskað er eftir að ráðið sendi þessa staðsetningu í grenndarkynningu, sjá meðfylgjandi gögn. Hér þyrfti jafnframt að setja strætóplatta undir og laga aðgengi.



5. Hæfingarstöðin

Staða: Þessi stöð er ekki á skipulagi en þó búið að koma upp skjólveggjum. Sjá mynd hér að neðan.

Aðgerðir: Óskað er eftir að ráðið staðfesti staðsetninguna og að gerður verði afnotasamningur við Hæfingarstöðina / Kadeco.



6. Hafnir

Staða: Þessi stöð er ekki í skipulagi en þó er almenn ánægja með staðsetningu.

Aðgerðir: Hér þarf að færa stöðina örlítið til þess að hún verði staðsett í bæjarlandi. Óskað er eftir staðfestingu frá ráðinu á staðsetningu. Hér þarf einnig að setja undirlag, hvort sem það verður malbik eða nýting á strætóplöttum sem til eru.





Hér að neðan má sjá kort með þeim staðsetningum sem lagðar eru til og er þá dreifingin orðin ansi góð innan sveitarfélagsins.

1. Geirdalur
2. Áningarstaður við Fitjar
3. Afreksbraut
4. Elliðavellir / Bjarnaróló
5. Hæfingarstöðin
6. Hafnir – ekki á korti





Íbúafjöldi eftir svæðum:

Innri Njarðvík 5.175:

Tölfræðiupplýsingar					
FJÖLDI Í ÚRTAKI	KONUR	KARLAR			
 5175	 2610	 2565			
LEIKSKÓLAALDUR	GRUNNSKÓLAALDUR	ELDRI BORGARAR			
 24	 740	 423			

Ásbrú 5.143:

Tölfræðiupplýsingar					
FJÖLDI Í ÚRTAKI	KONUR	KARLAR			
 5143	 1795	 3347			
LEIKSKÓLAALDUR	GRUNNSKÓLAALDUR	ELDRI BORGARAR			
 10	 365	 122			

Ytri Njarðvík 3.771:

Tölfræðiupplýsingar					
FJÖLDI Í ÚRTAKI	KONUR	KARLAR			
 3771	 1739	 2031			
LEIKSKÓLAALDUR	GRUNNSKÓLAALDUR	ELDRI BORGARAR			
 12	 451	 593			

Keflavík 9.706:

Tölfræðiupplýsingar					
FJÖLDI Í ÚRTAKI	KONUR	KARLAR			
 9706	 4499	 5202			
LEIKSKÓLAALDUR	GRUNNSKÓLAALDUR	ELDRI BORGARAR			
 35	 1186	 1217			